



Könnun á viðhorfum fjarnema. Könnun lögð fyrir í desember. Um 60% svarhlutfall


Kyn



Hvað ert þú í mörgum áföngum á þessari spönn?




Spurningar um kennsluvefinn




Ábendingar um kennsluvefinn

- Mætti breyta uppsetningunni á honum. Finnst hann ekki þægilegur
- Kennsluvefurinn er mjög óskýr og ruglandi
- Stundum voru mjög villandi leiðbeiningar inni, sendi kennurum mail og fekk skrítin svör til baka, eins og gamlir kennarar væru að skrifa inn. Svo var "draugur" af gömlu prófi undir einkunnir. Það mætti hafa þetta aðskildarra fyrir fjarnema, leið eins og það var bara verið að tala til þeirra sem voru í dagskóla, ekki fjarnema
- Þessi vefur er fáránlega illa uppsettur, maður veit ekkert hvað er að gerast og hvenær. Þyrfti að laga hvernig "vikuskipulögin" eru sett upp í hverjum áfanga. Þetta verður svo ruglingslegt.
- Væri fínt að fá einkunnir inn í öllum skilaverkefnum
- Framsetning kennaran er mjög misjöfn og misskýr. En yfirleitt góð


Endurgjöf kennara við verkefnum er




Mér finnst vinnan í áföngum




Kennari svarar fyrirspurnum mínum




Mér finnst gögn sem eru á Moodle kennsluvefnum




Mér finnst útskýringar kennara á námsefninu




Fyrirmæli kennara eru almennt




Samskipti min við kennara eru almennt




Spannir henta mér




Samskipti mín við kennslustjóra fjarnáms eru



Mér gengur vel að finna upplýsingar um innritun og annað varðandi fjarnám á heimasíðu ME



Í heild finnst mér fjarnám í ME vera



Hugmyndir nemenda um hvernig koma megi upplýsingum um fjarnám til nemenda

- Áfanginn er mjög erfiður. Mikið erfiðari en áfangar á undan í öðrum skólum. Áætla ekki að vera í þessu fjarnámi aftur
- Gott væri að fá skilaboð í hverri viku. Hentar ef maður er í vinnu með náminu
- Hafa kennsluáætlun skýrari fyrir fjarnema
- Hafa allar upplýsingar á íslensku líka, þótt það séu tungumálaáfangar
- Mér finnst fjarnámið hjá ykkur alveg frábært. Eina sem ég gæti talað um er að stundum fannst mér smá erfitt að skilja hvað kennarinn var að segja, mætti kannski útskýra aðeins betur fyrir þá nema sem eru í fjarnámi
- Mér finnst þessi uppsetning mjög góð, ég hef lítið að segja um hvernig mætti bæta hana
- Mætti senda í tölvupósti þegar ný verkefni koma á moodle
- Ekki hafa blandað saman dagskóla nema og fjarnámsnema á kennsluvefinum nema að það sé skýrt tekið fram hvað nemendurnir eiga að gera
- Það er hægt að fara fyrr yfir próf og stærri verkefni, þá getur nemandinn áttað sig á því hvort hann/hún sé á réttri leið varðandi námið

Gagnlegar ábendingar um fjarnámið

- Þeir kennarar sem að ég hef verið í á seinni spönn hafa verið frekar óskiljanlegir og dælt inn verkefnum hvað eftir annað sem er mjög ólíkt því sem var á fyrri spönn
- Það er rosalega misjafnt hvenær kennarinn svarar. Mér fannst námsefnið í þessum áfanga hæfilegt en fannst mjög mikið námsefni í (.....) og (.....) áföngunum sem ég var í á seinustu önn. Skiljanlegra samt með (.....) þar sem það er próflaus áfangi
- Það er heil (.....)bók sem við áttum að lesa í (...) og það stóð aldrei að við áttum að lesa í henni, svo er vel liðið á spönn og maður á allt í einu eftir að lesa alla bókina og þá er stutt í próf og allt fer til fjandans. Mér finnst að það ætti að minna mann betur á bókina og setja manni fyrir eins og kannski eitthvað svona : "ókei þið eigið að lesa svona mikið fyrir þennan dag" og svo yrði skilaverkefni úr þeim blaðsíðum til þess að maður væri alveg örugglega búinn að lesa þetta. Stundum þarf að ýta rækilega á eftir nemendum. Þeir hafa alveg áhuga þótt það líti út fyrir að vera áhugaleysi. Sumir eru með athyglisbrest eða frestunaráráttu og þá er alveg rosalega gott að fá áminningu!

- Sem fjarnemandi þá skiptir höfuð máli fyrir mig að geta sent tölvupósta á kennarann og fá svör við þeim fljótlega. Það er mjög erfitt sem fjarnemi að reyna að átta sig á því hvernig manni gengur þegar eins og t.d. núna hef ég ekki fengið einkunn við nema 2 verkefnum af líklega hátt í 20 og önnin er að vera búin. Ég hef því engann skilning á því hvort ég sé að gera eitthvað rétt eða þarf að bæta mig eða skila verkefnum aftur. Ég hef sett mig í samband við kennara en fæ yfirleitt ekki svör fyrr en nokkrum dögum síðar ef ekki lengur
- virkilega sniðugt kerfi sem hjálpar manni að komast yfir mikið efni á snöggum tíma
- Það eina sem mér finnst leiðinlegt er með áfanga sem eru þannig að ef að meðaleinkun nemada er 8 eða yfir hefur hann val um að taka ekki lokaprófið, en yfirleitt gildir það ekki um fjarnemana sem að mér finnst ósanngjart, við leggjum okkur ekkert minna fram en aðrir og þeir sem eru í fjarnámi vita það að það er oft meiri vinna jafnvel fyrir okkur því að við getum ekki bara rétt um hönd til að fá upplýsingar á staðnum, en það er bara mitt álit og geri ég mér fulla grein fyrir afhverju þetta er sett upp svona því að það eru alltaf einstaklingar sem hafa alltaf bókina, glósurnar og verkefnin hjá sér jafnvel þegar tekin eru próf á kennsluvefnum þar sem fram hefur komið að svo megi ekki
- Þessi einstaki áfangi gengur þokkalega, en var í öðrum fyrr í haust þar sem ég fann ekki fyrir miklum sveigjanleika sem var mjög óþægilegt

- Þegar kennari er með fjarnema þá er mjög gott að hann hafi fasta daga sem hann setur inn verkefni, sem hann þá tilkynnir í upphafi spannar/annar. Strax og verkefnið kemur inn þá kemur inn skiladagsetning. Þetta hjálpar fjarnema að skipuleggja nám sitt betur og sérstaklega sé hann í fleiri en einum áfanga og/eða vinnu. Þegar fjarnemi biður um aðstoð, þá verðu hún að berast hratt og með meiri útskýringum en minni, þar sem augljóst er að fyrri leiðbeiningar komust ekki nægilega vel til skila
- Haldið áfram svona, þetta er mjög gott sístem eins og það er núna
- Ætti að verðlauna nemendur sem klára mikið fjarnám með því að lækka fjarnámsgjöldin fyrir þá sem geta ekki mætt í skólann eins og venjulegir nemendur

Niðurstaða – það sem við getum gert betur:

- **Að vanda enn betur skipulag og framsetningu á kennsluvef. Fara nákvæmlega yfir leiðbeiningar. Passa upp á að „draugar“ þvælist ekki fyrir.**
- **Spurning hvort áfangar fjarnema og dagsk. nema eigi að vera aðskildir á kennsluvef**
- **Getum hugsanlega tekið okkur á varðandi yfirferð og mat verkefna**
- **Það sama gildir um útskýringar kennara á námsefni og fyrirmæli á kennsluvef**